

á þeim tímum, og er rituð í alt öðrum tilgangi en spámannaritin.

Daníels-bókin skiltist í tvo hluta. Fyrri hlutinn samanstendur af 1—6 kap. og sá síðari af 7.—12. kap. Í fyrra hlutanum er sagt frá því, sem kom fyrir Daníel og vini hans þrjá, Hananja, Mísael og Asarja, sem höfðu verið sluttir sem bandingjar frá Jerúsalem til Babýlon, við hirð Babýloníu konunga. Nebúkadrezzar konungur skipar að velja af Ísraelsmönnum nokkra unga menn, sem áttu að mentast í sömu fræðum og vitringar og saringamenn konungsins. Daníel og vinir hans eru á meðal þeirra. Þeir meyta ekki kjötsins, sem fyrir þá er borið, en það helir engin áhrif á holdafar þeirra. Konunginn dreymir draum, sem hann gleymir, og þegar vitringar hans geta ekki sagt honum bæði drauminn og ráðningu hans, lætur hann drepa þá. En Daníel segir konunginum bæði drauminn og ráðninguna og frelsar þannig líf sitt.

Síðan lætur konungurinn gera gull-líkneski og býður að allir skuli tilliðja það. Daníel og vinir hans eru kærðir fyrir, að vilja ekki tilliðja líkneskið, og er þeim samkvæmt boði konungsins kastað í glóandi eldsofn; en það sakar þá ekkert. Konungurinn kannast þá við, að þeirra guð sé máttuori en allir aðrir guðir. Þessi konungur er Nebúkadrezzar, en í 5. kap. er sagt frá öðrum konungi, Belsazar,

sem á að hafa verið eftirmaður Nebúkadrezzar. Hann heldur veizlu mikla í höll sinni, og er drykkjan stendur sem hæst, sér hann hönd, sem ritar á vegginn orð, sem enginn skilur nema Daníel. Ráðning hans rætist sömu nóttina, er Belsazar er drepinn af Dariusi Meda-konungi. Í 6. kap. er sagt frá, að embættismenn Dariusar hafi öfundað Daníel og komið konunginum til að skipa, að enginn maður megi liðja til nokkurs guðs eða manns í þrjátíu daga nema til sín. Daníel heldur áfram að liðja til síns guðs, og honum er kastað í ljónagryfju. Ljónin gera honum ekkert mein, hann er látinn laus, en óvinnum hans kastað í gryfjuna. Enn á ný viðurkennir konungurinn, að guð Daníels sé meiri en allir aðrir guðir.

Tilgangurinn, sem lýsir sér í þessum 6. kap., er að sýna fram á, að guð Ísraelsmanna yfirgefi aldrei fólk sitt, í hvaða hættu sem það er stött, og geti frelsað það frá öllu illu, ef það að eins trúir á hann og treysti honum. Þess háttar tilgangur er eðlilegur og skiljanlegur, skoðaður í sambandi við tímabili, er slík uppörslun gat haft þýðingu fyrir þjóðina. Sem söguleg frásögn er bókin alveg óskiljanleg, vegna misskilnings þess og þekkingarleysis, sem allstaðar kemur í ljós.